



Fundargerð

398. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 14. júlí 2016. Þetta er 7. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Bjarki Guðnason boðar forföll í hans stað mætir Bjarni Bjarnason 1. varamaður D-lista.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Viðbót við dagskrá:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

18. Umsókn Harðar Davíðssonar um bráðabirgðaleyfi til vatnaveitinga. dags. 13.07.2016

Lagt er til að liður nr. 4 undir Annað kynningarefni verði settur í upphaf dagskrár. Í framhaldinu verði teknir fyrir liðir 13., 14., 15. og 18. undir málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri fór á fund vegna nemendagarða FSU sem haldinn var í Vik í lok júní. Þar fóru forsvarsmenn FSU yfir hvaða húsnæðis úrræði standa nemendum úr V-Skaftafellssýslu til boða næsta haust. Oddviti, sveitarstjóri og verkefnisstjóri Skaftárhrepps til framtíðar fóru á fund aðstoðarmanns forsætisráðherra í tengslum við undirbúningsvinnu vegna aðgerðaáætlunar sem vinna á fyrir miðsvæði Suðurlands. Sveitarstjóri átti fund með formönnum fjallskilaneftnda og fjallkóngum sveitarfélagsins þar sem farið var yfir fyrirkomulag fjallskila í sveitarfélaginu, daggjöld og uppgjör fjallskila rædd. Samstaða var um að fram kæmi á fjallskilaseðli haustsins að leggja megi álag á þá sem ekki framkvæma fjallskil eins og fram kemur í fjallskilasamþykktum V-Skaftafellssýslu.

Dagskrá

IV. Annað kynningarefni.

4. 1605023 Kynning frá Herði Davíðssyni vegna framkvæmda við Skaftá. kynnt

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

Eva Björk Harðardóttir D-lista lýsir vanhæfi við umfjöllun næstu fjögurra dagskrárliða og kallar inn varamann Rannveigu Bjarnadóttur 2. varamann D-lista. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

13. 1604048 Neyðarástand í Landbroti og Meðallandi. Erindi frá Erlendi Björnssyni dag. 06.07.2016.

Fyrir fundinum er erindi frá Erlendi Björnssyni og Þórunni Júlíusdóttur í Seglbúðum. Sveitarstjórn þakkar erindið og gerir sér grein fyrir alvarleika málsins. Sveitarstjórn hefur þrýst á Umhverfisstjórn, Iðnaðarráðherra, Innanríkisráðherra og Forsætisráðherra að



leita lausna í málinu og brugðist verði við ástandinu hið fyrsta. Stofnuð var neyðarnefnd með fulltrúum frá fyrrgreindum ráðuneytum sem unnið hefur í að koma með bráðabirgðalausn í málinu sem nú er í sjónmáli. Sveitarstjórn telur sig því vera að gera allt sem hægt er til að bregðast við þessum bráðavanda m.v. þá stöðu sem dómsmál vegna skaðabótaskyldu fyrri framkvæmda vegna vatnaveitinga setur sveitarfélagið í. Einnig vill sveitarstjórn koma því á framfæri að Skaftárhreppur hefur á undanförunum árum reynt að hlutast til um að fundin verði lausn á vatnastýringum úr Skaftá m.a. með því að taka þátt í tilraunatímabili um vatnaveitingar 2000-2004 ásamt því að koma á fót starfshópi um málefni Skaftár sem vinna átti að tillögum að framtíðarlausn..

14. 1604048 Ályktun frá áhugamönnum um náttúruvernd á Íslandi. dags. 08.07.2016

Sveitarstjórn þakkar ályktunina og telur mikilvægt að lausn verði fundinn á málinu til framtíðar.

15. 1604048 Bráðabirgðaleyfi til vatnaveitinga við Árkvísjar/Brest til landeigenda Botna og Lindarfisks. Erindi frá Orkustofnun. dags. 11.07.2016

Jóhannes Gissurarson óskar eftir fundarhléi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemdir við að veitt verði bráðabirgðaleyfi til vatnaveitinga um umrætt svæði. Sveitarstjórn hefur þegar gefið út framkvæmdaleyfi vegna verkefnisins. Sveitarstjórn ítrekar að umrædd mannvirki eru ekki eign sveitarfélagsins þrátt fyrir að vera í landi Áar líkt og Orkustofnun hefur verið gert grein fyrir. Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þess að unnið verði að framtíðarlausn og heildarsýn fyrir vatnastýringar á svæðinu. Í ljósi dómsmáls sem höfðað hefur verið á hendur sveitarfélaginu um skaðabótaskyldu vegna vatnaveitinga 2000-2004 getur sveitarfélagið ekki verið með beina aðkomu að vatnastýringum á svæðinu.

18. Bráðabirgðaleyfi til vatnaveitinga Harðar Davíðssonar. Erindi Orkustofnun. dags. 13.07.2016

Jóhannes Gissurarson óskar eftir fundarhléi og að áheyrendur viki af fundi til að sveitarstjórnarmenn fái tækifæri til að kynna sér fundargögn nánar sem bærust stuttu fyrir fund. Sveitarstjórn samþykkir fundarhlé.

Að loknu fundarhléi afgreiðir sveitarstjórn málið með eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn vill benda á að samkvæmt 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 1 mgr. 4. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi 772/2012 ber hverjum þeim er hyggst á framkvæmdir að sækja um það fyrirfram til sveitarstjórnar en slík umsókn hefur ekki borist.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir þó ekki athugasemdir við að Orkustofnun veiti Herði Davíðssyni tímabundið bráðabirgðaleyfi til vatnaveitinga í ljósi aðstæðna. Sveitarstjórn ítrekar að umrædd mannvirki eru ekki eign sveitarfélagsins þrátt fyrir að vera í landi Áar líkt og Orkustofnun hefur verið gert grein fyrir. Sveitarstjórn leggur áherslu á að vinnuhópi sem fjármagnaður sé úr ríkissjóði verði komið á fót til að vinna að heildar- og framtíðarlausn á vatnasvæði Skaftár. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að hafa frumkvæði að því komið verði á slíkum hópi sem fyrst.

HGÁ, RB, BB og SG samþykkja afgreiðsluna. JG situr hjá.



Sverrir Gíslason óskar viðbótarbókunar.

Ég tek undir og samþykki bókun sveitarstjórnar en vil leggja áherslu á að eftirlit með svæðinu eftir að skarð hefur verið rofið verði með þeim hætti sem fram kemur í umsókninni.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir óskar eftir fundarhléi

Rannveig Bjarnadóttir vikur af fundi og Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundar og tekur við stjórn hans.

1. 1603034 Daggjöld á afrétti 2016

Sveitarstjórn samþykkir að daggjöld á afrétti verði óbreytt frá síðasta ári, framreiknuð samkvæmt vísitölu neysluverðs í júní 2016.

Daggjöld 2015 voru 13.613 m.v. við vísitölu í júní 2015 sem var 429,3 stig. Vísitala í júní 2016 er 436,3 og verða daggjöld árið 2016 því 13.835 kr.

2. 1606025 Þjónustusamningur um málefni fatlaðs fólks til staðfestingar

Sveitarstjórn samþykkir þjónustusamninginn um málefni fatlaðs fólks og felur sveitarstjóra að undirrita hann á haustfundi Bergrisans.

3. 1603019 Umsóknir um tjónabætur vegna Skaftárhlaups

Sverrir Gíslason Ó-lista og Jóhannes Gissurarson Ó-lista lýsa sig vanhæfa við afgreiðslu næsta dagskrárliðs og víkja af fundi.

Alls bárust 8 umsóknir um styrki vegna tjóns af völdum Skaftárhlaups haustið 2015 á grundvelli auglýsingar Skaftárhrepps þann 5. júlí s.l. Af þeim eru 2 umsóknir þar sem tjón varð á varnargörðum í hlaupinu. Þar sem þær umsóknir falla undir þá liði sem auglýst var eftir samkvæmt skilyrðum frá ríkissjóði samþykkir sveitarstjórn að veita þeim fullan styrk. Styrkupp hæðinni sem eftir stendur verður úthlutað jafnt til annarra styrkþega sem hlutfall af kostnaðaráætlun.

Til úthlutunar		12.840.400
Kirkjubæjarklaustur II	690.000	690.000
Hemra	900.000	331.550
Hemra	500.000	500.000
Múli	3.960.000	1.371.950
Flaga 1 og 2	6.560.000	2.255.950
Ytri-Ásar	9.875.000	3.383.050
Hvammur	10.160.000	3.479.950
Búland	2.360.000	827.950
Samtals	35.005.000	12.840.400

HL 19

Sverrir Gíslason og Jóhannes Gissurarson koma aftur til fundarins.



4. 1606026 Samráðsvettvangur landskipulagsstefnu

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að vera tengiliðir Skaftárhrepps.

5. 1606030 Úthlutun úr styrkvegasjóði

Skaftárhreppur fékk úthlutað 1.200.000 kr úr styrkvegasjóði Vegagerðarinnar. Vegur að Leiðólfsfelli var lagaður fyrr í sumar sem tekið er af þessu styrk. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra auglýsa eftir aðilum til að taka að sér viðgerðir á eftirfarandi vegum; að Miklafelli, Systratapa og Alviðruhamravita.

6. 1607001 Tillögur að verndarsvæði í byggð – umsókn um styrk

Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa að senda inn umsókn fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. 1607002 Endurnýjun rekstrarleyfis Systrakaffi ehf.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun rekstrarleyfisins.

8. 1607003 Ósk um samstarf frá Ferðamálastofu vegna mats og kortlagningar viðkomustaða ferðafólks. 23.06.2016

Sveitarstjórn tilnefnir Ólafía Jakobsdóttur forstöðumann Kirkjubæjarstofu sem tengilið verkefnisins við Ferðamálastofu.

9. 1607014 Tillaga að reglum um hvar megi tjalda eða gista

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að bannað sé að tjalda eða gista í húsbýlum, hjólhúsum, fellihúsum eða tjaldvögnum utan merktra tjaldsvæða í landi sveitarfélagsins sbr. 2. mgr. 23. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

10. 1603013 Íþróttá- og tómsfundafulltrúi

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að Katarzyna Korolczuk verði ráðin sem íþróttá- og tómsfundafulltrúi í 40% starf og felur sveitarstjóra að útbúa og undirrita ráðningarsamning.

11. 1607013 skólastjóri Tónlistarskólans

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Einar A. Melax sem skólastjóra tónlistarskóla Skaftárhrepps og útbúa og undirrita ráðningarsamning ef samningar nást.

12. 1605024 útboð vegna gámasvæðis

Eitt tilboð barst í verkið Gámasvæði á Iðjuvöllum 8 að upphæð 15.496.000 kr. frá Helga Grétari Kjartanssyni. Þar sem tilboðið er hærra en áætlanir sveitarfélagsins vegna verksins gerðu ráð fyrir veitir sveitarstjórn skipulagsfulltrúa og sveitarstjóra heimild til að semja um að hluti verksins verði unnin 2016 og aðrir verkþættir komi til framkvæmda 2017.



16. 1607015 Breyting í nefndum Ó-lista

Varamaður í fræðslunefnd verður Auður Eypórsdóttir í stað Guðmundar Inga Ingasonar
Aðalmaður í jafnréttisnefnd verður Guðveig Hrólfsdóttir í stað Fanndísar Höllu Steinsdóttur
og Sverrir Gíslason til vara.

Stjórnarmaður í Kirkjubæjarstofu verður Jóhannes Gissurarson í stað Guðmundar Inga
Ingasonar og Sverrir Gíslason til vara. Sveitarstjórn þakkar Guðmundi Inga Ingasyni og
Fanndísi Höllu Steinsdóttur fyrir störf í þágu sveitarfélagsins og býður nýja nefndarmenn
velkomna.

17. 1607016 Tillaga að umsögn við drög að flokkun virkjanahugmynda við rammaáætlun III

Meirihluti sveitarstjórnar Skaftárhrepps þakkar fagleg vinnubrögð faghópa og
verkefnisstjórnar Rammaáætlunar og styður flokkun virkjanahugmynda í Skaftárhreppi eins
og hún er sett fram í drögum að Rammaáætlun III. Skaftárhreppur er ferðaþjónustu og
landbúnaðarhérað með mikla möguleika og mörg sóknarfæri í þeim atvinnugreinum.
sérstaklega ef áfram gengur vel að samþætta þær og byggja á stórbrotinni og ósnortinni
náttúru svæðisins. Meirihluti sveitarstjórnar fagnar því að sjá Skaftá í verndarflokki og
fagnar því einnig sem landbúnaðarhérað að sjá hve mikilvægi beitar er gert hátt undir höfði í
verðmætamati gagnvart Hólmsárviðvirðingunni með miðlunarlóni við Atley.

HGÁ, BB og EBH samþykkja bókunina. JG og SG sitja hjá.

II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1603034 Fundargerð fjallskilanevndar Landbrots- og miðaðfréttar. 20.06.2016. Fundargerð
samþykkt.
2. 1605008 145. Fundargerð Fræðslunefndar. 11.07.2016

1. Tónlistarskóli - umsóknir um starf skólustjóra:

Sveitarstjóri kemur inn á fundinn og sveitarstjóri kynnir umsóknir sem hafa borist.

Fræðslunefnd hefur fjallað um umsóknir um stöðu tónlistarskólustjóra og felur sveitarstjóra og
varaformanni fræðslunefndar að ganga til samninga í samræmi við umræður sem fram fóru á
fundinum.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. Skóladagatal Heilsuleikskólans Kærabæjar fyrir skólaárið 2016-2017

Formaður óskar eftir að bæta skóladagatali Heilsuleikskólans Kærabæjar á dagskrá, fundur
samþykkir það.

Skóladagatal Heilsuleikskólans Kærabæjar fyrir skólaárið 2016-2107 lagt fram og samþykkt.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerð í heild sinni.

3. 1607018 Fundargerð 118. fundar skipulagsnefndar. 12.07.2016

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir tekur
við fundarstjórn.

6. Selhólavegur – Umsókn um stofnun lóðar.



Ekki er gerð athugasemd við stofnun lóðar. Nefndin leggur til að haft verði samráð við aðliggjandi jarðir er varðar stofnun lóðar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

7. Katla Geopark – Erindi til skipulagsnefndar Skaftárhrepps.

Fyrir hönd Kötlu Jarðvangs er hér með óskað er eftir því að skipulagsnefnd og sveitarstjórn Skaftárhrepps leiti leiða með landeigendum til að friðlýsa heildstæða hluta Landbrotshóla og Skaftárhrauns. Til að uppfylla ný skilyrði Hnattrænna jarðvanga UNESCO (2016) er nauðsynlegt að komið verði á, í það minnsta, hverfisvernd á heildstæðum ósnortnum hluta þessara hrauna auk þess sem fara verður að lögum um vernd þeirra.

Nefndin leggur áherslu á að fullt samráð verði haft við landeigendur á svæðinu vegna viðkomandi erindis. Lagt er til að sveitarstjórn skipi vinnuhóp til að kanna grundvöll verkefnisins.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og skipar skipulags- og byggingarfulltrúa Vigfús Þór Hróbjartsson, Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur og Jóhannes Gissurarson í vinnuhóp vegna málsins.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerð í heilá sinni.

4. 1607017 Fundargerð 64. fundar menningarmálanefndar. 10.06.2016. *Fundargerð samþykkt*
5. 1607017 Fundargerð 65. fundar menningarmálanefndar. 20.06.2017. *Fundargerð samþykkt*
6. 1605028 Fundargerð 65. fundar Æskulýðs- og íþróttanefndar. 12.07.2016

1. Ein umsókn hefur borist um starf íþróttakennara og íþróttá og tólmstundafulltrúa. Katarzyna Korolczuk og er hún með íþróttakennararéttindi. Nefndin fagnar því. Íþróttá og æskulýðsnefnd samþykkir fyrir sitt leiti ráðningu hennar í starf íþróttá og tólmstundafulltrúa.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. Sparkvöllur. Íþróttá og æskulýðsnefnd hefur ekki forsendur til að meta hvort gúmí á sparkvelli er heilsuspillandi en nefndin vill að tryggt verði að skólabörn fái áfram aðgang að fótboltavelli á skólalóð ef sparkvelli er lokað.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Formanni æskulýðs- og íþróttanefndar falið að vinna að úrvinnslu málsins í samstarfi við sveitarstjóra og skólalastjóra.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerð í heild sinni.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 1606028 Minnispunktur af héraðsnefndarfundi 22.06.2016. *Fundargerð kynnt*
2. 1606028 Aðalfundur Byggðasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellings. 13.06.2016.

Fundargerð kynnt.

3. 1606028 Sameiginlegur fundur Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu. 22.06.2016. *Fundargerð kynnt*



4. 1604026 840. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga. 20.06.2016. *Fundargerð kynnt*
5. 1604026 841. Fundargerð Samband íslenskra sveitarfélaga. 30.06.2016. *Fundargerð kynnt*
6. 1603026 173. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 01.06.2016. *Fundargerð kynnt*

IV. Annað kynningarefni.


1. 1607004 Ísland Ljós vætt – áskorun á þingheim og yfirvöld. 15.06.2016. *kynnt*
2. 1607005 Auglýsing frá Orkusjóði um styrki til uppbyggingar á innviðum fyrir rafbíla. *kynnt*
3. 1606029 Úttekt á stöðu mannréttindamála. *kynnt*

Vegna sumarfrís sveitarstjóra er enginn fundur áætlaður í ágúst. Sveitarstjóri verður í sumarfrí frá 18. júlí til 19. ágúst 2016.


Næsti fundur áætlaður 1. september 2016

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 18:12.


Eva Björk Harðardóttir


Jóhannes Gissurarson


Sverrir Gíslason


Bjarni Bjarnason


Heiða Guðný Asgeirsdóttir